

30. janúar 1969.

203

Nr. 10.

FORSETA BRÉF

er kveður Alþingi til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 89. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar föstudaginn 7. febrúar 1969, kl. 14.00.

Gjört að Bessastöðum, 30. janúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

11. marz 1969.

Nr. 11.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu tiltekna landspildu úr prestssetursjörðinni Hálsi í Hálshreppi, að stærð 230×400 metrar, vestast á Hálsmóum næst Fnjóská, fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkv. mati dómkvaddra manna. Undanskilinn við sölu er veiðiréttur í Fnjóská. Andvirði hins selda lands skal verja í þágu prestssetursins í samráði við sóknarprest og héraðsprófast.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. marz 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.